

Nd. 74. Frumvarp til laga [65. mál]

um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson,
Hilmar S. Hálfánarson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu er ört vaxandi að mannfjölda. Þar er miðstöð samgangna og verzlunar á Fljótsdalshéraði. Þrátt fyrir það er kaupúnið ekki löggiltur verzlunarstaður.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Egilsstaðakauptún verði löggilt sem verzlunarstaður.

Frumvarpið er flutt að beiðni hreppsnefndar Egilsstaðahrepps.